

## Minnisblað

**Málsaðili:** Vatnajökulsþjóðgarður

**Málsheiti:** Vinnugögn fyrir fundi svæðisráðs

**Dreifing:**

**Starfsmaður:** Steinunn Hödd Harðardóttir starfandi þjóðgarðsvörður

Dags: 3. maí 2021

Málsnúmer: 1709003

**Efni :** Viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs vegna Breiðamerkursands - Breytingar eftir athugasemdir

### Landnýting

Eftirfarandi kafli um landnýtingu dettur út:

**Kafli 9.5** Hefðbundin landnýting — Fugla- og hreindýraveiðar, bls. 131.

Aftan við texta um griðland við Snæfell bætist við:

*Skotveiðar á fuglum eru bannaðar á Breiðamerkursandi svo að öryggi þjóðgarðsgesta sé ekki stefnt í hættu. Fuglaveiðar hafa lítið verið stundaðar á Breiðamerkursandi og því ekki myndast hefð þar fyrir slíkum veiðum.*

Svæðisráð suðursvæðis leggur til að skotveiðar verði ekki bannaðar á Breiðamerkursandi.

### Vegir og aðkomuleiðir

Eftirfarandi breyting á skilgreiningu á vegi inn í Þröng:

**Kafli 9.3.1,** Vegir og aðkomuleiðir, bls. 94:

Slóði inn í Þröng.	Vegurinn verði greiðfær að útsýnisstað en eftir það lokaður fyrir eindrifsbíla.	F2/F3
	<i>Heimilt verði að lengja slóðann í samráði þjóðgarðsins og sérfræðinga</i>	

Svæðisráð suðursvæðis leggur til að heimilt verði að lengja slóðann inn í Þröng í samráði við Vatnajökulsþjóðgarð og sérfræðinga.

### Innviðir

Í ljós kom að ekki hafði verið skrifaður kafli um þjóðfélagslega mikilvæga innviði sem staðsettir eru á Breiðamerkursandi, s.s. rafmagn og ljósleiðara. Kafli þess efnis var bætt við viðaukann, 12.5 Aðrir þjóðfélagslega mikilvægir innviðir.

## Beit og örnefni:

**Kafli 9.2, Víðerni Vatnajökulsþjóðgarðs, bls. 87.**

Texta bætt við á milli undirkaflanna „Þjófahnjúkar-Háalda“ og „Kjós og Skaftafellsfjöll“:

### **Víðerni á Jökulnesi**

*Svæði sem afmarkast annars vegar af Veðurá og Lónum hennar og hins vegar af Jökulsárlóni, ásamt hopandi jaðri Breiðamerkurjökuls.*

*Forsendur:*

*Jökulnes ber flest einkenni óbyggðra víðerna enda eru ummerki um umferð eða aðrar athafnir mannfólks þar lítil sem engin. Stór hluti svæðisins var hulinn jökli árið 1998 og því hluti af jökulhettu Vatnajökuls, eitt af skilgreindum Víðernum Vatnajökulsþjóðgarðs, við stofnun þjóðgarðsins.*

*Skilmálar:*

*Vélvædd umferð í Jökulnesi er óheimil bæði að sumar- og vetrarlagi. Rekstur sauðfjár til beitar á svæðinu er óheimill.*

Fram komu athugasemdir frá bændum og landeigendum á jaðarsvæði þjóðgarðsins er varðar örnefni. Í viðaukanum hafði nýtt land sem kemur undan jökli á Breiðamerkursandi verið kallað *Jökulnes*, en er í daglegutali heimamanna kallað *Stemmuhólmi eða Hólminn*. Heiti svæðisins var því breytt á nokkrum stöðum í gegnum viðaukann.

Að auki var orðalagi um beit í Stemmuhólma breytt, þannig að í staðin fyrir að segja að *sauðfjárbeit sé ekki heimil á svæðinu*, þá kemur í staðin að *rekstur sauðfjár til beitar á svæðinu er óheimill*.

## Hreindýraveiðar

### b. Skotveiði

Athugasemdir: Skotveiðar eingöngu heimilar á ref, minki og hreindýrum

Tillaga að úrlausn: Refa- og minkaveiðar verði stundaðar af viðurkenndum aðilum. Hreindýraveiðar verði heimilar á austurhluta Breiðamerkursands, bæði á venjulegum veiðitíma og í nóvember. Þær fari fram undir eftirliti. Veiðum á svæði 9 verði beint að Breiðamerkursandi, til að fækka dýrum þar.

Svæðisráð leggur til orðalagsbreytingar í þessum kafla, þ.e. að setning sem segir að þær fari fram undir eftirliti verði felld út, enda fara hreindýraveiðar alltaf fram undir eftirliti og óþarfi að taka það sérstaklega fram hér. Setning um að veiðum á svæði 9 verði beint að Breiðamerkursandi, til að fækka dýrum þar er felld út, enda er Umhverfisstofnun meðvituð um fjölgun hreindýra á svæðinu og er að auka kvótann þar.

*Virðingarfyllst,*

*Steinunn Hödd Harðardóttir*

*Starfandi þjóðgarðsvörður á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs*